

Kolbeinn Árnason
Atvinnuvegaráðuneyti

11/12/2025

Efni: Ufsi veiddur á króka og í net á dagróðrabátum teljist ekki til króka- eða aflamarks


Í kjölfar samtals okkar um lélega nýtingu á ufsakvóta undanfarinna ára viljum við koma eftirfarandi á framfæri:

UFSI	Samanlagt afla- og krókaaflamark 1.9.2020 - 31.8.2025 (5 ár)		
	Óslægt	Heimild	Afli
2020/2021	92.426 Tonn	55.233 Tonn	37.193 Tonn
2021/2022	93.725 Tonn	61.554 Tonn	32.171 Tonn
2022/2023	87.376 Tonn	44.713 Tonn	42.663 Tonn
2023/2024	88.458 Tonn	40.723 Tonn	47.735 Tonn
2024/2025	80.951 Tonn	35.976 Tonn	44.975 Tonn
Samtals	442.936 Tonn	238.199 Tonn	204.737 Tonn

Eins og lesa má úr töflunni hefur óveiddur tonnafjöldi farið vaxandi á undanförunum árum og fer að nálgast helming útgefinna aflaheimilda. Á undanförunum fimm árum hafa 204.737 tonn ekki veiðst. Ef við gerum ráð fyrir 200kr meðalverði gætu töpuð aflaverðmæti því numið 40 milljörðum króna.

Í samræmi við ályktun frá seinasta aðalfundi LS förum við fram á að ufsi veiddur á króka og í net á dagróðrabátum teljist ekki til króka- eða aflamarks.

Með kærri kveðju,



Kjartan Páll Sveinsson, formaður